



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Berg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Álfasteins	6
3 Innra mat Dvergasteins (yngri börnin 1-3 ára)	9
4 Ytra mat	11
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	13
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	13
7 Foreldrasamvinna	15
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
8.1 Fylgigögn	18
8.2 Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning	18
8.3 Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	21
8.4 Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal 2020-2021 og umsögn foreldraráðs	23



Leiðarljós leikskólans:

Virðing – samvinna - metnaður

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel hjá okkur. Allar stöður fullmannaðar og góður andi í starfsmannahópnum og vilji til að gera vel á komandi vetri. Við breyttum kaffitímum starfsfólks til að geta gefið öllum starfsmönnum undirbúningstíma í hverri viku. Það tókst frábærlega, undantekning ef fólk komst ekki í undirbúning. Ánægjulegt að segja frá því að núna eru tveir starfsmenn í leikskólakennaranámi og tveir starfsmenn til viðbótar sem ætla að bætast í þann hóp næsta vetur.

Eins og fram kom í starfsáætlun fyrir veturinn 2019 – 2020 voru megináherslur okkar á málörvun, félagsfærni, sköpun og menningu. Endurmat var gert jafnt og þétt fram að jólum þar sem við reyndum að bæta það sem okkur fannst ekki ganga nógu vel. Í heildina gekk okkur vel og náðum flestum markmiðum okkar. Það sem helst þarf að laga er að vinna betur í félagsfærninni með börnunum. Allir starfsmenn eru búnir að fara á Blæ námskeið en við erum ekki búin að ná alveg nógu góðum tókum á námsefninu og langar að gera betur. Mikil og góð vinna var unnin í tengslum við Grænfánaþemað okkar sem var orka og rafmagn.

Við byrjuðum árið 2020 full af bjartsýni, vorum búin að setja margt skemmtilegt á dagskrána eins og heimsóknir foreldra, menningarviku, lestarátak, átak gegn matarsóun og margt fleira. En því miður var lítið úr öllum þessum áformum því í byrjun febrúar hófust skyndiverkföll Eflingar og þann 17. febrúar hófst svo alsherjaverkfall sem stóð til 10. mars. Vegna þess hversu margir starfsmenn á Bergi eru í Eflingu var leikskólanum lokað frá 17. febrúar til 11. mars og þar af leiðandi var lítil starfsemi í húsinu önnur en þrif og skipulagning hjá þeim sem eftir sátu. Stuttu eftir að verkfallið leystist kom Covid veiran sem breytti allri heimsmyndinni. Við reyndum að leysa öll þau vandamál sem upp komu í kjölfar veirunnar. Takmörkuðum fjölda barna á leikskvæðum og í útiveru. Þrifum og sótthreinsuðum eins og enginn væri morgundagurinn. Deildum leikefni á vikudaga og leyfðum engum óviðkomandi að koma inn í skólann. Sem betur fer þurftum við ekki að grípa til mikillar skerðingar á vistunartíma barnanna þar sem margir foreldrar kusu að halda börnunum heima.

Það var ekki fyrr en eftir 4. maí sem lífið fór að verða nokkuð eðlilegt í leikskólanum en heimsóknir eru enn ekki leyfðar nema brún ástæða sé til. Þótt þessi tími væri erfiður og skríttinn kom samt margt athyglisvert í ljós á þessu tímabili. Veikindi barna og starfsfólks minnkaði mikið. Bæði starfsfólk og börn voru afslappaðri og það gafst furðu vel að hafa börnin í sínum föstu rýmum. Þau voru fljót að aðlagast og ný vinasambönd mynduðust milli barna. Takmörkun á leikefni var líka mikill léttir bæði



fyrir starfsfólk og börn. Þau léku sér lengur og nýir leikir urðu til úr leikefninu. Það fór mun minni tími í að taka til og minna var um að börnin vildu skipta um leik, leikirnir héldu oft áfram í nokkra daga. Það sem við ætlum að halda áfram að gera er að takmarka leikefni og börnin „eiga“ sín rými meira en önnur rými þótt þau fari um allan skólann núna.

Á komandi starfsári 2020 – 2021 munu áherslur okkar í leikskólastarfinu verða á læsi og eins og áður, sköpun og félagsfærni. Við munum nota þróunarstyrk frá Reykjavíkurborg til að innleiða námsleiðina Leikur að læra undir handleiðslu Kristínar Einarsdóttur, þar sem félagsfærni verður rauði þráðurinn. Blæ námsefnið verður líka notað markvisst til að ná enn betri árangri í að börnin læri að setja sig í spor annarra og sýni öðrum góðvild og virðingu.

Við förum á sex vikna námskeið á vegum Myndlistarskólans í Reykjavík þar sem börnin og kennarar læra nýja hluti í listsköpun sem vonandi skilar sér til framtíðar inn í skólastarfið. Sköpun og lýðræði munu skipa stóran sess í vinnu okkar með börnunum á næsta vetri. Munum við flétta það inn í allt okkar starf.

Leikskólinn Berg er Grænfánaleikskóli og flögguðum við fánanum í fjórða sinn nú á vormánuðum. Það þema sem börnin kusu um að vinna með næstu tvö árin er hnattrænt jafnrétti. Þetta þema samræmist vel vinnu okkar í lýðræði og barnasáttmálanum.

Við erum búin að ganga með þann draum í smá tíma að fá upplýsingaskilti með myndum af algengustu fuglunum hér á svæðinu og fróðleik um þá, börnum og fullorðnum til skemmtunar og fræðslu. Það er gaman að segja frá því að skiltið er komið upp og erum við búin að skoða það mikið og erum að æfa okkur í að læra nöfnin og fuglahljóðin á algengustu fuglunum.



Umbótabáttur / Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Innleiðing Leikur að læra	Kenna börnum gegnum leik með áherslu á félagsfærni	Námskeið í leikur að læra undir handleiðslu Kristínar Einarsdóttur, hún fylgir námskeiðinu eftir með heimsóknum allan veturinn	September 2020 til maí 2021	Aðstoðarleik-skólastjóri og deildarstjórar	Skrár yfir námsefni og hversu oft var farið í Leikur að læra. Hver voru markmiðin ?	Náðust markmiðin? Að efla sjálfstraust barnanna. Kunna þau að setja mörk í samskiptum og / eða vera hjálpsöm við hvort annað.
Leikskólabragur	Góður starfsandi einkenni leikskólann	Áhersla á að bjóða foreldra og börn velkomin á hverjum degi	Júní 2020 – júní 2021	Allir starfsmenn leikskólans	Umræður á starfsmanna-fundum meðal starfsfólks hvernig gengur og hvað má laga	Starfsmanna og foreldra-könnun. Markmið að 80% starfsmanna og foreldra sé ánægð með starfsandann
		Starfsfólk heilsar og kveðjur hvort annað hverjum degi			Skoða reglulega vísbendingar bls. 39 í bæklingnum viðmið og vísbendingar	Finnst starfsfólki og foreldrum að okkur hafi tekist að uppfylla þessi 9 vísbendingarat riði á bls. 39 (viðmið og vísbendingar)
		Virðing og væntum-þykja fyrir öllum einkenni andrúmsloft leikskólans				



2 Innra mat Álfasteins

Málörvun og lesskilningur:

Í leikskólaárið 2019-2020 var öðruvísi vegna verkfalls og Covid-19.

Haustönnin byrjaði eins og á síðasta ári, unnið var markvisst með „Lubbi finnur málbein“. Verkefnið gekk vel. Við höfum unnið með verkefnið undanfarin tvö ár og voru stafirnir og lögin enn í minningu barnanna. Þeim gekk vel að muna stafi og hljóð. Við höldum áfram með lestraráherslu og lásam fyrir börnin einu sinni til tvisvar á dag, í morgunsamverunni og í lestrarstundinni. Í hvíldinni höfum við lesið framhaldsbækur fyrir elstu börnin. Við breyttum áherslum í yngri hvíldinni þannig nú hlusta 3-4 ára börnin á sögur og ævintýri í staðinn fyrir að hlusta á tónlist.

Við matarborðin sögðum við þulur, vísur, rím, andheiti og samheiti þegar tími gafst til. Starfsfólk fór á námskeið í „Leikur að læra“ og var sú aðferð oft notuð í hópastarfi. Var þessi aðferð ein sú helsta sem við notuðum í stöfum, tölustöfum og málörvun.

2014 árganginn (elstu börnin) gerði vikulega verkefnavinnu þar sem þau æfðu sig í að skrifa, gerðu orðasúpu og fleiri þrautir á blaði. Þau fóru einu sinni í viku upp í Klébergsskóla í tónmennt með fyrsta bekk. Leikur að læra var einnig notaður til að læra stafi. Í rauninni gekk allt mjög vel fram að verkfalli og Covid. Við höfum haft það að reglu að fara með skólahópinn vikulega eftir áramót og hitta kennara og taka æfingakennslustund en vegna ástandsins gafst lítill tími til þess þetta árið.

2015 árgangurinn vann ýmis verkefni. Þau gerðu leikrit og unnu jafnt og þétt í allskonar skapandi verkefnum. Þau hlustuðu og töluðu um sögur eins og Pappírs Pésa, Karíus og Baktus og Ruslaskrímslið og tengdu þessar sögur inn í listaverkagerð. Börnin í þessum árgangi voru mjög fljót að ná tökum á stöfunum og sum þeirra eru byrjuð að skrifa nafnið sitt. Þau eru einnig vel með á nótunum í Lubba verkefninu.

2016 árgangurinn lagði áherslu á að allir lærðu litina og að telja. Lærðu um dýr og afkvæmin og hljóðin þeirra og um líkamann svo eitthvað sé nefnt. Þar sem deildin er svo aldursblönduð þá var yngsti árgangurinn fyrir áramót í einskonar aðlögun og oft var hópastarfið notað í að læra reglur, hafa stjórn á hreyfingum og gerðar sjálfstjórnaræfingar.

Samverustundir á Álfasteini byggjast að mjög miklu leiti á málörvun. Samverustundir eru oft í lengri kantinum og er mikið sungið og reglulega lærð ný lög. Sögur eru sagðar og bækur stundum lesnar. Einnig er leikið með rím, andstæður og samheiti í formi tónlistar.



Bókaormurinn gekk mjög vel, var góð þátttaka hjá foreldrum í haust. Við prófuðum í fyrsta skipti að hafa bókaorm hjá deildinni sjálfri þar sem starfsfólk skrifaði niður allar bækur sem lesnar voru fyrir börnin. Það gekk vel framan af en oft gleymdist að skrifa niður bækur, að stórum hluta vegna þess hve margar bækur við erum að lesa og að þetta er ekki komið inn í vana hjá okkur. Við vorum aftur með bókakistu þar sem foreldrar gátu fengið lánaðar bækur á allskonar tungumálum.

Ofan á þetta allt má benda á að við vinnum í grænfánaverkefnum og erum alltaf að ná betur að koma því ósjálfrátt inn í starfið. Við reyndum að vinna starfið þematengt. Tengdum þá við jólin og þorrann, höfðum dýr og líkama einnig sem áherslur svo eitthvað sé nefnt.

Niðurstöður og úrbætur:

Það má með sanni segja að árið hafi byrjað vel á Álfasteini. Í upphafi árs settum við markmið um að skerpa betur á hópastarfi og vinna markvissara í starfinu okkar. Starfsfólk er sammála um að þeim markmiðum hafi verið náð og það var hugur í bæði starfsfólki og börnum. Börnin drekka í sig sögur, bera virðingu fyrir bókunum og fara vel með bækur. Elstu börnin hlusta á langar og krefjandi sögur í hvíldinni og eins hafa yngri börnin áhuga á lengri og flóknari sögum. Börnin eru orðin mjög fær í að læra nýja texta og að syngja. Við til dæmis kenndum þeim að syngja Þjóðsöng Íslands í tilefni HM í handbolta í janúar. Það var því mjög svekkjandi að verkfall og Covid skuli hafa dunið á þegar allt var byrjað að ganga vel en við reyndum að taka upp þráðinn í maí þegar starfið byrjaði aftur og gekk það sæmilega vel. Það sem við getum bætt okkur í er að fara meiri í útileiki og að spila meira með börnunum.

Félagsfærni:

Haustið 2019 héldum við áfram að vinna með Blæ bangsa. Verkefnið var þó ekki tekið eins föstum tókum og árið áður. Kannski vegna þess að hópurnir okkar var rólegri og eru kærleiksríkari í leik en áður og því kom það minna upp í hugann hjá starfsfólki að setjast niður og vinna með Blæ bangsa eða taka upp umræður því tengt. En við stefnum á að vinna markvissara með Blæ næsta skólaár. Yngstu tveir árgangarnir voru líka að vinna með félagsfærni og að læra um Bínu Bálreiðu. Við reyndum einnig að vinna markvisst með almenna kurteisi. Covid-19 tímabilið gaf okkur svo tækifæri til að vera í minni hópum. Færri börn voru í leikskólanum, hóparnir voru minni og börnin voru á afmarkaðri svæði. Við fundum fyrir minna stressi hjá þeim, börnin fengu oft á tíðum aðra leikfélaga en þau voru vön og ný og falleg vinasambönd mynduðust. Það voru minni læti í húsinu og börn sem áttu erfitt með hávaða og galsa byrjuðu að blómstra í samskiptum og leikjum. Starfsfólk gast einnig tækifæri til að kynnast börnunum betur og meiri tími gafst í samræður við börnin.

Niðurstöður og úrbætur:

Hópurinn okkar er nokkuð samrýmdur og kærleiksríkur í leik. Lítið sem ekkert er um slagsmálaleiki og spýtur og skóflur nánast aldrei notaðar sem byssur eða vopn. Mjög lítið er af stimpingum og árekstrum. Við fylgðum ekki markmiðum okkar nógu vel hvað varðar að vinna með Blæ bangsa kannski vegna þess hve vel barnahópurinn samlagaðist. Verkefnið er enn í mótum hjá okkur en við ætlum að taka það fastari tökum á komandi skólaári.

Við ákváðum að nýta það góða sem kom út úr Covid-19 (því sem var lýst hér að ofan) og koma því inn í umhverfi barnanna þegar starf hófst eðlilega aftur. Við tvískiptum alltaf deildinni og komum í veg fyrir umferð barna milli svæða. Við fórum að huga betur að hljóðvist og reyndum að endurskapa þau rólegheit sem mynduðust í Covid.

Sköpun og menning:

Tónlist og aðalega söngur er orðinn stór hluti af menningu leikskólans. Samverustundir eru langar og þar er farið mikið í allskonar sönglög og sögur. Við höfum svo sameiginlega söngstund með Dvergasteini einu sinni í viku. Myndlistkennslan var öðruvísi en árið á undan. Á þessu skólaári var sköpunin meira í höndum hópstjóra og því mismunandi vinna eftir þroska og áhuga barna. Við unnum listsköpunina oft eftir því þema sem var í boði hverju sinni. Yngsti árgangurinn æfði sig mikið með fínhyfingur og voru t.d. mikið að klippa og líma. Mið árgangurinn vann mikið með opinn efnivið og bjó til listaverk og skúlptúra í tengslum við sögur sem þau voru að hlusta á. Elsti árgangurinn vann einnig með opin efnivið en eyddi þó minni tíma í listsköpun en hinir tveir árgangarnir. Ástæða þess er að skólahópnum fylgir oft meiri dagskrá og minni tími hefur gefist í listaskála. Á móti kemur er að elsti árgangurinn hefur farið í tónmennt með 1. bekk einu sinni í viku og tekið þátt í söngviðburðum upp í skóla. Dans er alltaf að verða meiri og meiri hluti af leikskólalífinu á Bergi. Þegar veður er vont og innivera er mikil höfum við notað dans sem orkusun. Farið í dansleiki og þess háttar. Töfrateppi er verkefni sem við byrjuðum á í fyrra. Það er verkefni þar sem vika er tekin í að erlendu börnin fá tækifæri til að kynna okkur fyrir heimamenningu sinni. Við forvitnumst um löndin sem við erum frá skoðum matarmenningu, tónlist og lærum um umburðarlindi. Vikan endar svo á foreldrakaffi þar sem foreldrar frá mismunandi löndum koma með smárétti eða snarl frá heimalandi. Því miður vegna Covid þá féll þetta niður í ár en við erum staðráðin í að taka þetta aftur upp á næsta ári.



Umbótaþættir Áfasteinn	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Innleiða Vináttuverkefni Blæ betur	Að vinátta, tillitsemi og kærleikur verði það sem einkennir andrúmsloftið á Álfasteini/Bergi	Blæ verkefni notuð markvisst með öllum aldurshópum	September 2020 til maí 2021	Allir starfsmenn deildarinnar. Deildarstjóri, hópstjórar og aðstoðar- leikskólastjóri	Leikur að læra og verkefni úr Blæ kistunni.	Náðust markmiðin? Að efla sjálfstraust barnanna. Kunna þau að setja mörk í samskiptum og vera hjálpsöm við hvort annað.

3 Innra mat Dvergasteins (yngri börnin 1-3 ára)

Málörvun

Við settum okkur það markmið fyrir áramót að vinna betur með *Lubbi finnur málbein*, koma því jafnvel inn í hópastarf, en þar hefur hver stafur sína vísu og sína hreyfingu sem við æfum með. Í samveru höfum við ýmist verið að lesa bók eða nota loðtöflusögur þar sem sama sagan er endurtekin nokkrum sinnum með áherslu á nýtt orð hverju sinni, með því eykst orðaforði barnanna og skilningur. Í samveru syngjum við líka mikið ásamt því að fara í allskyns leiki eins og hlustað á hljóðið og myndabingó. Við notum útsýnið út um gluggana til þess að skapa umræður því það er margt að sjá t.d. skip, sjóinn, fjöruna, fuglana, köngulær og annað dýralíf. Við leggjum mikla áherslu á að vera í hæð barnanna þegar við tölum við þau og setjum orð á allar athafnir yfir daginn.

Mikið hópastarf hefur verið unnið í vetur, þar sem hver hópstjóri sér um sinn hóp í málörvun, fín- og grófhreyfingar og sköpun og list. Eins og fram hefur komið þá lesum mikið fyrir börnin, bæði í samveru fyrir mat og svo í lok dags og finnst okkur mjög mikilvægt að ná svona góðri ró rétt áður en börnin fara heim. Svo snýst starfið mikið um síendurtekna þjálfun í að sitja og hlusta.

Eftir áramót fór starfið rólega af stað í janúar en þegar hópurinn var orðinn stálpaðri og öll aðlögun búin að þá gekk starfið með Lubba betur. Við tókum það líka inn í samverustundina frekar en hópastarfið. Í hópastarfinu var farið að vinna sérstaklega með elsta hópinn, að þjálfva þau við matarborð og í fataklefa. En svo skall á verkfall og var leikskólinn okkar lokaður á meðan það var. Eftir verkfallið mættu allir tilbúnir til leiks, að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið, en þá var allt sett á bið þar sem

Corona faraldurinn skall á okkur hérna á Íslandi og í gang fór svokallað Covid-19 skipulag. Því miður var lítið hægt að vinna markvisst með hópastarfið og lögðum við því enn meiri áherslu á Lubba.

Niðurstöður: Börnunum þykir gaman að fara í samveru þegar mikið er um að vera og alltaf eitthvað spennandi á hverjum degi. Framfarir hafa verið hjá börnunum í málþroska og fer þeim stöðugt fram. Okkur fannst líka aðdáunarvert að sjá hversu vel börnin tóku því breytta umhverfi sem við bjuggum við í samgöngubanninu. Við ætlum að halda áfram með þetta starf á næsta ári og sjá þá enn meiri framfarir.

Félagsfærni

Við settum okkur líka það markmið að vinna betur með vináttuverkefnið Blæ í daglegur starfi hjá okkur, æfa okkur í að leika saman, skiptast á og hjálpast að. Við höfum verið að leggja áherslu á kurteisi, að segja „já takk“, „nei takk“, „takk fyrir mig“ og „má ég fá meira“. Einnig höfum við verið að fara inn í leikinn með börnunum til þess að hjálpa þeim og leiðrétta þau með það hvernig þau koma fram við hvert annað. Kenna þeim að skiptast á og leika saman. Eins og með Lubba, þá tókum við Blæ fyrir í samverustundinni og núna eftir áramót, og sérstaklega eftir verkfall og samgöngubann, tókum aðeins inn Bínu brjáluðu.

Niðurstöður: Börnin voru fljót að læra nei takk og já takk og í hvaða aðstæðum þau ættu að nota það. Við erum farin að vinna mikið með vináttuverkefnið Blæ, en alltaf má gera betur. Börnin eru þó farin að átta sig á og læra að skiptast á með dótið og ekki að vera endalaust að rífa af hvert öðru. Starfsfólkið er líka sjálft að æfa sig og prófa sig áfram með Blæ, finna nýjar og áhugaverðar leiðir til að kenna og leiðbeina börnunum og gengur það mjög vel.

Sköpun og list

Í byrjun vetrar breyttum við örlítið til og skiptum okkur í hópa með hópstjóra. Hver hópstjóri sér um sinn hóp og sér þá um málörvun, fín- og grófhreyfingar og síðast en ekki síst sköpun og list. Fyrir áramót höfðum við þann háttinn á að hver og einn valdi verkefni fyrir sinn hóp sem þau svo unnu með börnunum. Útkoman var fjölbreytt og skemmtileg. Þessi vinna er líka stanslaust í endurskoðun og eftir áramót stóð til að breyta aðeins til en það breyttist í samgöngubanninu þar sem við gátum ekki notað aðstöðuna eins og áður. Þess í stað færðum við verkefnavinnuna inn á deild og allir hóparnir



blönduðust saman og allir unnu sömu verkefni. Núna sér hver hópstjóri um að velja það verkefni sem unnið er þá vikuna og lætur hina hópstjórana vita. Með þessu móti gera öll börnin það sama, en með sínum hópstjóra.

Niðurstöður: Börnin hafa mjög gaman af því að skapa og mála, og skemmtilegast þykir þeim að vinna með mismunandi efnivið. Þau tóku öll virkan þátt og var gaman að fylgjast með starfsfólkinu sem hafði alveg jafngaman af því að koma með hugmyndir að því hvað hægt væri að láta börnin gera, og hægt var að sjá suma einstaklinga blómstra í þessu umhverfi. Eftir börnin liggja mörg og fjölbreytt listaverk og stefnum við á að hafa sama háttinn á næsta vetur.

Umbótaþættir Dvergasteinn	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Innleiða Vináttuverkefni Blæ betur	Að vináttu, tillitsemi og kærleikur verði það sem einkennir andrúmsloftið á Dvergasteini/Be rgi	Blæ verkefni notuð markvisst með öllum aldurshópum	September 2020 til maí 2021	Allir starfsmenn deildarinnar. Deildarstjóri, hópstjórar og aðstoðar- leikskólastjóri	Leikur að læra og verkefni úr Blæ kistunni.	Náðust markmiðin? Að efla sjálfstraust barnanna. Kunna þau að setja mörk í samskiptum og vera hjálpöm við hvort annað.

4 Ytra mat

Niðurstöður foreldrakönnunnar 2019 komu mun betur út en fyrri kannanir okkur til mikillar gleði en ýmislegt sem enn þarf að vinna í, munum við leggja sérstaka áherslu á starfsandann og viðmót starfsfólks gagnvart börnunum, foreldrum og hvert öðru.

Starfsmannakönnun SFS var lögð fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar skólaárið 2019 og 2020 Mjög lágt hlutfall starfsmanna svaraði könnuninni í seinna skiptið (niðurstöður ekki birtar), því er erfitt að bera saman viðhorf starfsmannanna milli ára. En könnunin 2019 kom mun betur út en fyrri kannanir.



Það kom glögggt í ljós að starfsmenn voru sammála um að margt væri betra en áður. Þar má nefna upplýsingaflæði, vinnustaðarmóral og skipulag sem starfsmenn tjáðu sig um. Þó var vinnuálagið enn að sliga fólk og var sá þáttur sem kom hvað verst út, líkt og hjá öðrum leikskólum í Reykjavík.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Niðurstöður í foreldrakönnun 2019 - Foreldrar vilja fá að koma með fleiri hugmyndir í leikskólastarfið	Að fá fleiri hugmyndir frá foreldrum	Hugmynda kassi verður í anddyri þar sem foreldrar geta sett blað með hugmyndum í. Tölvupóstur til foreldra að vori og hausti þar sem foreldrar eru hvattir til að koma með hugmyndir að leikskóla- starfi	Haust 2020 – vor 2021	Aðstoðar- leikskólastj óri	Að vori 2021 Komu margar hugmyndir frá foreldrum? Hvernig var unnið úr þeim? Skoða reglulega vísbendingar bls. 43 í bæklingum viðmið og vísbendingar	Ánægja foreldra, hefur hún aukist? Erum við að uppfylla 50% af vísbendingum bls. 43 að mati foreldra?
Líðan á vinnustaðnum og vinnuálag	Fólki líði vel í vinnunni og vinnuálag sé hæfilegt	Með opnum umræðum þar sem skipulag er rætt og hvort vinnuálag sé of mikið eða lítið	Haust 2020 – maí 2021	Aðstoðar- leikskólastj óri	Nafnlaus könnun meðal starfsmanna	Er aukin starfsánægja meðal starfsfólks ? Skoðað út frá starfsmannakön- nun, viðmið að 80 – 90 % starfsmanna sé ánægt í starfi

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Formleg starfsþróunarsamtöl fóru fram í nóvember 2019. Starfsþróunarviðtölin voru boðuð með fyrirvara og fengu starfsmenn blað með efni til að ígrunda fyrir viðtalið. Viðtölin vörðu flest í um klukkustund og fóru fram á skrifstofu skólastjóra.

Símenntun frá síðasta ári. Flestir starfsmenn eru búnir að fara á Blæ og Lubba námskeið, þeir tveir sem eiga eftir námskeiðin fara á haustmánuðum 2021. Í Október 2019 fengum við námskeiðið Leikur að læra til okkar í leikskólann. Námskeiðið mæltist vel fyrir og margir starfsmenn búnir að tileinka sér það vel en ákveðið var að taka það skrefinu lengra og munum við innleiða það markvissara veturinn 2020 – 2021.

Sérkennslustjóri og stuðningsaðili fóru á Thech námskeið. Nýir starfsmenn fóru á byrjendalæsisnámskeið á vegum Miðju máls og læsis.

Einn starfsmaður klárar vorið 2021 MEd. gráðu í leikskólafræðum og þrír starfsmenn eru byrjaðir eða eru að byrja í leikskólakennaranáminu.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mikið samstarf er á milli leikskólans, grunnskólans og frístundarinnar enda sameinuð stofnun. Það eru starfsmenn sem vinna á báðum skólastigum og við reynum að nýta húsnaðið sem best. Tíminn sem leikskólinn fær í íþróttahúsinu hefur verið lengdur þannig að leikskólabörnin fara oftast í íþróttir. Einnig fá leikskólabörnin til afnota tónlistarstofu í grunnskólanum á vissum tímum dagsins. Stefnt var á að elstu börnin færu reglulega í heimsókn í frístundina eftir áramót en því miður var lítið úr því vegna verkfalls og covid síðasta vor. En þau náðu að fara í nokkrar kennslustundir með börnum í fyrsta bekk.

Unglingar í áttunda til tíunda bekk geta haft leikskólann sem val í námi sínu tvisvar á vetri, sex vikur í senn að hausti og vori. Hefur verið ásókn í það og mjög gaman að fá eldri nemendur til sín í nýju hlutverki.

Haldið er sameiginlegt jólaball barnanna á Bergi og nemenda í 1. – 7. bekk. Þar koma allir saman ásamt foreldrum, ganga í kringum jólatré og syngja.

Útskrift elstu barna úr leikskólanum fer fram í sal Klébergsskóla en þar er svið og nóg pláss fyrir aðstandendur sem voru þó færri í ár vegna aðstæðna. En útskriftin tókst vel og allir áttu góða stund.

Börnunum af leikskólanum er boðið á ýmsar upptakur í Klébergsskóla og öfugt en því miður voru þær færri í ár en undanfarin ár.

Þar sem mikil ánægja var með sundnámskeið elstu barna sl. vetur ákváðum við að halda því áfram en við náðum bara námskeiðinu fyrir áramót (10 skipti) námskeiðið eftir áramót féll niður vegna Covid. Starfsmaður af leikskólanum hefur farið á viðurkennt sundlaugavarðanámskeið og ásamt honum hefur íþróttarkennari verið með honum á námskeiðinu.

Okkur langaði að verða sjálfbær hér á leikskólanum varðandi egg svo við fengum hænur til okkar á vormánuðum, þær vekja mikla lukku meðal barnanna og sjá okkur fyrir eggjum. Börnin taka þátt í að hirða þær og týna eggjum sem koma. Við settum af stað smá fræðslu um hænur svo núna eru margir „hænufræðingar“ hér á Bergi.

Við settum niður grænmeti og kartöflur í grænmetisgarðinn okkar í vor þannig að í haust getum við verið sjálfbær í þessum vörum einhvern tíma, þetta fellur vel inn í vinnuna okkar í grænánanum.

Auk þess sem hér er talið upp er samvinna varðandi grænánaverkefnið, heilsueflandi grunn- og leikskóla og almennt varðandi stefnumótum. Við erum öll saman eitt samfélag á Klébergi.

Mánuður	Viðburður	Staður	Ábyrgð
21.8.2020	Sameiginl. starfsdagur	Kléberg	Skólastjóri/ aðstoðarl.stjóri
27.8.2020	Leikssýning	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Ágúst	Tónlistartími til maí 2021	Kléberg	Starfsmaður Bergs
Sept.	Val kléb skóli	Berg	Aðstoðarl stjóri
Sept.	Græn fána fundur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Sept.	Útikennsla	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Sept.	Matarsóunavika	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
5.10.2020	Starfsdagur	Berg	Aðstoðarl stjóri
Okt.	Sundnámskeið til Nov.	Kléb laug	Starfsmaður Bergs og íþróttakennari
Nov.	Hrekkjavaka	Kátakot	Starfsmaður Bergs
18. nov	Sameiginl starfsdagur	Kléberg	Skólastjóri/aðstoðarl stjóri
Nov.	Græn fána fundur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Nov.	Matarsóunavika	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Des	Jólaball	Kléberg	Starfsmaður Bergs
Des	jólafondur	Kléberg	Starfsmaður Bergs



Des	Jólamatur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
-----	-----------	---------	------------------

Mánuður	Viðburður	Staður	Ábyrgð
Janúar	Græn fána fundur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
5.feb	starfsdagur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Febrúar	Elstu börn með 1 bekk Kléb einu sinni í viku	Kléberg	Deildarstjóri
Febrúar	Matarsóunarvika	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
Febrúar	Sundnámskeið til mars	Kléb laug	Starfsmaður Bergs
Febrúar	Útikennsla	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
mars	Elstu börn í kátakot einu sinni í viku	Kléberg	Deildarstjóri
17.mar	starfsdagur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
mars	Græn fána fundur	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
mars	Matarsóunarvika	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
10.maí	Starfsdagur 10 maí	Kléberg	Aðstoðarl stjóri
maí	Þemadagar	Kléberg	Aðstoðarl stjóri

7 Foreldrasamvinna

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans er sameinað ráð sem fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun sem ráðið setur í upphafi skólaárs. Í foreldraráðinu sátu þrír foreldrar barna í leikskólanum, einn á einnig barn á grunnskólaaldri. Haldnir voru fjórir fundir sl. vetur, einn féll niður vegna Covid.

Foreldrafundur (súpufundur) er haldinn að hausti fyrir báðar deildir. Þar er farið yfir dagskipulag leikskólans og helstu áherslur sem eru fram undan í starfinu. Á þessum fundi eru kosnir foreldrar í foreldraráð og foreldrafélagið. Í foreldrafélagi Bergs eru sex vaskir foreldrar. Haldnir hafa verið fundir með aðstoðarleikskólastjóra þar sem ákveðið hefur verið með hvaða hætti félagið styður við leikskólastarfið. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir nokkrum samkomum eins og sumarhátíð, sveitaferð og keypt blóm fyrir útskriftarnema auk þess sem félagið hefur fært leikskólanum veglegar gjafir. Þetta

árið (2020) hefa verið færri upptakur en á venjulegu ári vegna Covid en við bætum úr því á næsta ári.

Venjulega er foreldrum boðið nokkrum sinnum í leikskólann yfir starfsárið en það var ekkert um gestakomur eftir áramót.

Fastir liðir hjá okkur í venjulegu árferði eru hefðbundið bóndakaffi á Þorra og konukaffi á Góu. Í tengslum við menningarvikuna er foreldrum boðið á listasýningu og menningarsnakk. Sumarhátíð í maí, auk þess sem foreldrar útskriftar barna koma í útskrift þeirra en stefna okkar er að foreldrar eru ávallt velkomnir í heimsókn á leikskólann.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum, á tímabilinu nóvember 2019 – maí 2020. Í viðtölunum er farið yfir líðan barnsins á leikskólanum, framfarir þess og væntingar foreldra til leikskólans. Viðtölin taka um 20 mínútur og sér deildarstjóri um þau. Viðtölin voru með venjulegu sniði fyrir áramót en vegna Covid faraldurs voru seinni viðtölin tekin símleiðis.

Foreldrafélagið sótti um styrk í Sumarborgina 2020 og fengust tveir styrkir. Annar var nýttur í að fá hesta á sumarhátíðina okkar þar sem börnin fengu að fara á hestbak, það vakti mikla gleði hjá börnunum. Hinn styrkurinn mun nýtast í að fá leikhópinn Lottu til okkar allra á Klébergi, leik- og grunnskólans.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Við sameiningu leik- og grunnskólans var ákveðið að stefna að því að hafa 5 skipulagsdaga sameiginlega í leik- og grunnskólanum á Klébergi, þar að auki er Leikskólinn með einn dag til viðbótar. Þrír af þessum starfsdögum eru síðan sameiginlegir með leik- og grunnskólum í Grafarvogi eins og SFS leggur upp með.

Starfsdagarnir í leik- og grunnskólanum eru merktir gulir á skóladagatalinu. Sameiginlegir dagar með Grafarvogi eru í nóvember, febrúar svo í maí en þá er sameiginlegur starfsdagur allra skóla í tilefni af nýju menntastefnunni.

F. h. leikskólans Bergs

Sigrún Anna Ólafsdóttir og Kristín Sigríður Evertsdóttir
Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, ágúst 2020





8.1 Fylgigögn

8.2 Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1. október 2008, Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, sem og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum. Börn, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga.

Allt ut anumhald eins og til dæmis skipulag, samskipti við stoðþjónustu og aðra fagaðila utan leikskóla, útfærsla þjónustu, markmiðsetningar, þjálfun og mat tengt nemendum með sérþarfir, sér aðstoðarleikskólastjóri um, ásamt starfsmanni sem ber ábyrgð á töflum og vinnustundum.

Aðstoðarleikskólastjóri sér um gerð einstaklingsnámskráa í samstarfi við deildastjóra og foreldra. Þeir nemendur sem hafa stuðningstíma eru með formlegt teymi og eru haldnir reglulegir fundir með aðkomu sérkennsluráðgjafa frá Miðgarði. Deildastjórar sjá um að leggja fyrir TRAS og aðstoðarleikskólastjóri leggur fyrir Hljóm-2 til að skima nemendur og finna þá sem eru með frávík í þroska og þurfa frekari stuðning eða snemmtæka íhlutun.

Fræðsla til starfsfólks og miðlun upplýsinga hefur verið þannig að fundargerðir fara inn á deild og ber starfsfólkið að lesa þær og kvitta fyrir. Aðstoðarleikskólastjóri hefur setið deildarfundi þar sem farið er yfir verklag og vinnubrögð.

Þeir sem hafa fengið sérkennslu á skólaárinu 2019 - 2020 eru samtals tveir nemendur, sem hafa um sex stuðningstíma á dag. Sérstakur starfsmaður sér um vinnustundir barna með stuðning ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Hann situr einnig alla fundi sem viðkoma þeim.

Skólaárið 2020 – 2021 verður einn nemandi með stuðning um þrjá tíma á dag. Stefnum við á sama fyrirkomulag og sl. vetur. Stuðningsaðili mun sjá um vinnustundir og aðstoða nemanda eftir þörfum inn á deild og í hópastundum. Aðstoðarleikskólastjóri kemur líka að þjálfun stuðningsbarna.

Það stefnir í að það verði fimmtán tvítengd börn hjá okkur næsta vetur. Mikil vinna verður hjá okkur í málörvunarhópum næsta vetur. Verður það vinna sem fer að miklu leyti fram inn á deildum, deildarstjóri /aðstoðarleikskólastjóri munu bera ábyrgð á að framfylgja markmiðum málörvunarhópanna.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?		
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	Sérkennslustjóri og stuðningsaðili	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?		Nei en er í mótnun fyrir komandi vetur
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Miðgarð
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

Sérkennslan gekk samkvæmt áætlun að mestu leyti. Á Covid tímanum gafst góður tími í að sinna sérkennslubörnunum því allt var svo rólegt í húsinu og þau voru í sínum „hólfum“ sem vikaði róandi á þau.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Áætlun um málörvun	Að tvítengd börn og börn með slakan málproska fái meiri málörvun	Inn á deild með starfs- mönnum deildarinn á vissum tímum dagsins	Sept. 2020 – maí 2021	Deildarstjórar	Skráningar hversu oft í viku. Hvaða markmið eru ?	Að börnin fái sérstaka málörvun 4 sinnum í viku. Náðust markmið ?



8.3 Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Spilum, myndum og skoða bækur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Við matarborðið og fataklefa
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Með lestir og almennu spjalli, við matarborðið
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Sérstaklega tvítengdu börnunum
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	já	Með lestri, segja sögur og ljóð. Börnin tjá sig munnlega og segja sögur með myndum. Hljóm er tekið með elstu börnum. Lubbi finnur málbein með öllum börnum. Börnin æfa sig að skrifa og horfa á stafi. Ratleikur með elstu börnum þar sem þau finna merkingar og skrifa stafina. Skólahópur æfir sig að skrifa bók – og tölustafi. Í námsefni Blæ er mikið af tilfinningalegum hugtökum sem eru útskýrð fyrir börnunum svo þau viti hvað þau þýða.

Niðurstöður innra mats

Í heildina gekk málörvun vel hjá öllum aldurshópum á leikskólanum, bæði íslenskum börnum og tvítengdum. Það er helgast af því að við fjölguðum lestar/söngstundum ásamt því að leggja áherslu á að vinna markvisst að málörvun við allar aðstæður á leikskólanum. Tvítengdu börnin fengu sérstakan tíma þar sem lesið var sérstaklega fyrir þau eða spilað.



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málövnarhópar	Að tvítengd börn og börn með slakan málþroska fái meiri málörvun og myndir sem hjálpa þeim að skilja betur tungumálið	Inn á deild með starfsmönnum deildarinn á vissum tímum dagsins. Við munum fá talmeinafræðing frá Miðgarði sem kemur með hugmyndir að málörvun.	Sept. 2020 – maí 2021	Deildarstjórar og aðstoðarleikskól astjóri	Skráningar hversu oft í viku. Hvaða markmiðum viljum við ná	Að börnin fái sérstaka málörvun 4 sinnum í viku. Náðust markmiðin ?



8.4 Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal 2020-2021 og umsögn foreldraráðs

Samband íslenskra



Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Leikskólinn Berg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 M	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 M	20 S	20 M	20 L	20 L	20 F	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 F	24 L	24 M	24 F	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 M	25 S	25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 M	25 F	25 Þ	25 S
26 L	26 M	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 F	27 F	27 S	27 Þ
28 M	28 L	28 M	28 M	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 L	29 M
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M

I reglum um leikskólagjöfnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða loki samfellt tíu til tuttugu virka daga.

Stefna skóla- og frístundavíðs er að í hverju hverfi leisti skólastjómendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

Skipulagsdagarnir eru sex, 21. ágúst, 5. október, 18. nóvember, 5. febrúar, 17. mars og 10. maí.

Skipulagsdagarnir eru sameiginlegir með grunnskólanum, þar af tveir sameiginlegir með öllum skólum í Grafarvogi og svo 10. maí sem er sameiginlegur með öllu skólastarfi í Reykjavík.

Umsögn foreldraráðs

Umsögn Foreldraráðs Leikskólans Bergs um starfsáætlun skólaárið 2020-2021

Á leikskólanum er unnið markvisst og metnaðarfullt starf í samræmi við grunnþætti aðalnámskrár og þeir hafðir að leiðarljósi í markmiðasetningum beggja deilda skólans og þegar leitast er við að bæta ákveðna þætti starfsins eða skerpa á þeim.

Mjög jákvætt er hversu mikil áhersla er lögð á vinnu með félagsfærni og málörvun, sem og skapandi greinar og meðvitund um umhverfi og náttúruvernd.

Sjálf starfsáætlunin er vel unnin og aðgengileg. Lykilupplýsingar t.d. varðandi umbótamarkmið sett upp í skilmerkilegar töflur og þægilegt að draga þaðan þær upplýsingar sem þarf hverju sinni.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Sunna Björg Birgisdóttir og Sandra Þórisdóttir

Foreldraráð leikskólans 2019-2020 skipuðu:

Sandra Þórisdóttir

Baldur Þór Bjarnason - brottfluttur

Guðni Halldórsson – barnið útskrifað

Til að lesa yfir starfsáætlunina fengum við Sunnu Björk en hún er fulltrúi í foreldrafélaginu á Bergi.



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

